



# Áveitan

12. tbl. 14. árgangur. Desember 2020

## Nýjar félagspeysur væntanlegar í desember

Nú er hægt að panta hinar nýju glæsilegu félagspeysur UMF Þjótanda. Um tvær gerðir er að ræða, heilrennda hettupeysu og hálfrennda æfingapeysu. Peysurnar eru merktar með merki Þjótanda eins og sést á neðri myndunum.

Þessar klæðilegu flíkur eru á afar hagstæðu verði, 4.000 kr fyrir æfingapeysuna og 5.500 kr fyrir hettupeysuna. Merking með nafni kostar 500 kr að auki.

Peysurnar koma í stærðunum 128-164 og S-XXXL. Pantanir sem eiga að skila sér fyrir jól þurfa að berast í síðasta lagi 8. desember. Mögulegt er að einhverjar stærðir klárast fyrir þann tíma, en þá gildir að þeir sem panta fyrstir eru í forgangi.

Pantanir berist til Fanneyjar með skilaboðum eða í síma 892-4155, eða á netfangið [fanneyo8o@gmail.com](mailto:fanneyo8o@gmail.com). Fanney veitir líka allar nánari upplýsingar.

**Þessar peysur eru tilvaldar í jólapakkann og henta fyrir bæði kyn og allan aldur.**

Stjórnin.



Erlín Katla í nýju peysunni



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur.

Það líður að jólum og árið 2020 senn á enda. Um margt sérstakt ár og minnstætt.

Hjá Flóahreppi hefur margt áunnist á þessu sérstaka ári þrátt fyrir takmarkanir á umgengni og samkomum og þegar á heildina er litið hafa flest markmið sem sett voru í byrjun ársins náðst. Skólahald gengið vel bæði í leik og grunnskóla og án mikillar skerðingar og nemendur og kennarar fengið mikla þjálfun í notkun á fjarfundabúnaði. Íbúar og nemendur í Flóahreppi hafa almennt sýnt frábæra samstöðu þegar kom að sóttvörnum og verið sérstakar varkárir. Við eigum mikinn mannaud í starfsmannahópnum okkar og það ber að þakka. Ábyrga, hugmyndaríka og lausnamiðaða einstaklinga sem hefur tekist að halda flestum boltum á lofti þrátt fyrir takmarkanir.

Viðhaldi fasteigna verið sinnt jafnt og þétt, varmadæla verður farin að hita upp stærsta hluta af rými Flóaskóla fyrir áramót. Endurbætur verið gerðar á gólfefnum í anddyri Félagslundar og áfram unnið að endurbótum í Þjósárveri. Þjósárver þjónar vel starfi Flóaskóla og félagsmiðstöðvar alla virka daga og örlítið er um útleigu til íbúa. Vinnuskólinn var vel sóttur og starfsmenn duglegir að fegra og bæta allt umhverfið okkar. Verktakar í vatnsveitu vinna nú að endurbótum á vatnslögn frá Þingdal að Ruddakróki sem mun með öflugri dælingu auka öryggi og sjálfbærni vatnsveitunnar í efri hluta sveitarfélagsins.

Vegagerðin hefur sinnt viðhaldi og endurbótum á vegum í sveitarfélaginu nokkuð vel á árinu. Búið að leggja slitlag á stóran hluta Hamarsvegar, uppbyggingu Súluholtsvegar lokið og hann tilbúinn undir slitlagslögn. Uppbygging stendur yfir á hluta Urriðafossvegar og slitlag verður að öllum líkindum lagt á kaflann frá Suðurlandsvegi að Urriðafossi á næsta ári. Endurbætur hafa verið gerðar á heimreiðum og farið hefur verið yfir merkingar á hámarkshraða og hann lækkaður á völdum köflum.

Vinna við fjárhagsáætlunargerð er á lokastigi og þær ánægjulegu fréttir að

berast frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að niðurskurður á framlögum sem boðaður var um mitt árið verði minni en áætlað var. Endanleg niðurstaða mun þó ekki liggja fyrir fyrr en í lok ársins. Þetta skiptir Flóahrepp miklu máli því um 33% af rekstrartekjum sveitarfélagsins koma frá sjóðnum. Engar uppsagnir hafa verið vegna samdráttar í tekjum og markmið sveitarstjórnar í fjárhagsáætlanagerð að halda óbreyttri þjónustu og sama opnunartíma. Fæðingarorlof mun að öllum líkindum lengjast í 12 mánuði og mun lágmarksaldur á Krakkaborg hækka til samræmis við það á síðari hluta árs 2021.

Markvisst hefur verið unnið í stefnumótun fyrir Flóahrepp á grundvelli heimsmarkmiða og gildin **Sjálfbærni - Framsýni - Samvinna** verið valin sem gildi Flóahrepps. Skólastefna á sama grunni er í vinnslu nú á haustdögum með aðkomu sveitarstjórnar, fræðslunefndar, starfsmanna, nemenda og annarra íbúa.

Flóahreppur hefur sótt um að fá að gerast þátttakandi í verkefni landlæknisembættisins um **heilsueflandi samfélög** og er gert ráð fyrir undirritun og formlegu upphafi á verkefninu í byrjun janúar 2021. Stýrihópur mun taka til starfa þegar þátttaka sveitarfélagsins verður formlega staðfest. Ferli jafnlaunavottunar fyrir Flóahrepp er lokið hér innanhúss og staðfesting úttektaaðila, Bsi á að Flóahreppur hafi staðist öll viðmið bæði innri og ytri úttekta verið send til vottunaraðila. Von er á formlegri staðfestingu og leyfi frá vottunarstofunni fyrir birtingu á jafnlaunatákninu í kringum áramótin. Bsi er alþjóðleg vottunarstofa með aðalstöðvar sínar í Hollandi. Breytingar hafa orðið í starfsmannahópi okkar þar sem nýr húsverður hefur tekið við starfi húsvarðar í Flóaskóla og Félagslundu. Sveitarstjórn Flóahrepps tók ákvörðun um að breyta skipulagi á þann hátt að húsvarðarstarf Flóaskóla og Félagslundar var sameinað. Auglýst var eftir starfsmanni í fullt starf 70% ætluð Flóaskóla og 30% Félagslundu. Sex umsóknir bárust. Gengið hefur verið frá ráðningu Sveins J. Ástvaldssonar í starfið. Öðrum umsækjendum er þakkað fyrir að sýna starfinu áhuga. Ólafi og Sigurði fráfarandi húsverðum Flóaskóla og Félagslundar eru þökkuð þeirra störf í þágu Flóahrepps og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

### **Bókanir í félagsheimilin í Flóahreppi**

Stofnað hefur verið nýtt netfang [felagsheimili@floahreppur.is](mailto:felagsheimili@floahreppur.is) vegna bókana í Félagslund og Þingborg. Ingibjörg Einarsdóttir húsverður í Þingborg tekur niður pantarnir fyrir bæði húsín. Þjórsárver hefur verið skilgreint sem skólahúsnæði og er ekki í almennri útleigu en bókanir fyrir íbúa sveitarfélagsins vegna Þjórsárvers þurfa að berast skólastjóra Flóaskóla [gunnlaug@floaskoli.is](mailto:gunnlaug@floaskoli.is)

## **Íþrótt- og tómsundastyrkur Félagsmálaráðuneytis til tekjulægri heimila**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á sérstökum íþrótt- og tómsundastyrkjum fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Styrkirnir koma til viðbótar hefðbundnum íþrótt- og tómsundastyrkjum sveitarfélaga. Alls verður um 900 milljónum króna varið í verkefnið árin 2020 og 2021 en Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, kynnti aðgerðina í vor og er hún hluti af aðgerðapakka sem ætlað er að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á afkomu efnaminni heimila í landinu. Í framhaldinu verður ráðist í vitundavakningu í samstarfi við menntamálaráðuneytið, sveitarfélög, Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

**Hægt er að sækja um styrk fyrir börn sem fædd eru á árunum 2005-2014, eiga lögheimili í Flóahreppi þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars – júlí 2020. Styrkurinn er 45.000 kr. á hvert barn og um 13.000 börn á Íslandi eiga rétt á styrknum. Sveitarfélögin annast afgreiðslu styrkumsókna eftir að búið er að kanna rétt til styrksins inni á [Ísland.is](https://www.floahreppur.is/ithrotta-og-tomstundarstyrkur-barna/).**

Slóð á rafrænt umsóknareyðublað má nálgast hér á heimasíðu Flóahrepps undir Stjórnsýsla, eyðublað. <https://www.floahreppur.is/ithrotta-og-tomstundarstyrkur-barna/>

Styrkina er hægt að nota til niðurgreiðslu á þátttökugjöldum vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms eða annarra tómsunda. Sveitarfélög setja reglur um úthlutun styrkjanna en fyrirkomulag getur verið breytilegt á milli sveitarfélaga til dæmis varðandi hvaða íþrótt- og tómsundastarf er styrkhæft, hvaða gögnum beri að skila með umsókn og afgreiðslutími umsókna.

Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að halda börnum virkum í íþrótt- og frístundastarfi og tryggja jafnt aðgengi barna og unglinga að slíku starfi. Lögð hefur verið áhersla á að ná til sem flestra forráðamanna og hefur því verið komið af stað kynningarátaki á fjölda tungumála um íþrótt- og tómsundastyrkina. Útbúin hafa verið 11 myndbönd til þess að vekja athygli á styrknum, sjá tengil í auglýsingu á heimasíðu Flóahrepps.

*Sveitarstjórn Flóahrepps og starfsmenn á skrifstofu óska ykkur gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári.*

Kveðja, Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

## Jólasveinar á ferð...

Þó jólasveinarnir séu 13 ferðast þeir sjaldan allir saman í hóp. Þess vegna munu þeir mæta í Flóahrepp þetta árið þrátt fyrir Covid 19.

Þeir verða á ferðinni á Þorláksmessu og aðfangadag. Samkvæmt heimildarmanni munu þeir leggja af stað kl 10:00 báða daga. Á Þorláksmessu munu þeir fara um Hraungerðishreppinn, en á aðfangadag skipta þeir liði og fara bæði í Villingaholts- og Gaulverjabæjarhrepp. Leiðarlýsing sveinanna mun verða birt á facebook síðu félagsins að morgni.

Mikilvægt er að allir þeir sem vilja fá heimsókn panti hana hjá umboðsmanni þeirra, Sunnu á Skeggjastöðum með símhringingu eða sms í síma 863-9983 fyrir 17. desember.

Tekið verður við sendingum fimmtudaginn 17. desember milli kl. 15:30 og 16:30 í Þingborg við búningssklefana. Hafa skal þokann merktan bæjarnafni. Það er mjög mikilvægt að allar sendingar hafi borist á réttum tíma svo sveinarnir lendi ekki í vandræðum á heimsóknardaginn. Verðið er 1000 kr á hverja heimsókn, óháð pakkafjölda, og skal greiðslan fylgja sendingunni.

Vonandi munu sem flestir nýta sér þjónustu þessara hressu og kátu karla. Jólasveinarnir munu reyna eftir bestu getu að passa upp á fjarlægðarmörk og aðrar smitvarnir, og ekki víst að þeir þyggi að vera boðnir inn, nema sóttvarnaraðgerðum verði aflétt eitthvað fyrir jól.

Umf. Þjótandi



## Pistillinn

Ég þakka Ólafi nágranna mínum á Hurðarbaki fyrir áskorunina um að skrifa hér í Áveituna. Ég verð að hefja skrif mín á að minnast á heimsókn hans og Kristínar til okkar í Ástún fljótlega eftir flutning okkar í sveitina vor 2015. Ég flutti ásamt börnunum mínum þremur í Ástún til eins árs til prufu í búskap með Rúnari mínum. Ég þekkti ekki marga og stökk að ákveðnu leyti í djúpu laugina. Kvöld eitt fljótlega eftir flutning er bankað og þar standa hjónin á Hurðarbaki með innflutningsgjöf (lifandi blóm) til að bjóða okkur velkomin í sveitina. Mér hlýnar enn í hjartanu að hugsa til þessa kvölds og að vera boðin svona velkomin, var og er mér mikils virði. Mikilvægt er líka að þið vitið að blómið lifir enn.

En, eftir miklar vangaveltur um hvað skal skrifa ákvað ég að gaman væri að segja ykkur frá fyrstu utanlandsferð minni sumarið 1995. Flestir sem þekkja mig vita að ég fann mig afskaplega vel í skátunum og eyddi óhemju miklum tíma í þeim félagsskap eftir 12 ára aldur. 1995 var alheimsmót skáta haldið í Flevoland í Hollandi og ég, ásamt stórum hópi af öðrum íslenskum skátum, lagði af stað í þetta mikla ævintýri einn fagran sumardag. Ég man hvað ég var spennt þar sem þetta var fyrsta utanlandsferðin mín. Allt gekk vel og reyndist þetta verða þriggja vikna ævintýri sem ég mun ætíð minnast.

Við byrjuðum ferðina í Þýskalandi, heimsóttum meðal annars bílaverksmiðju, gistum í tjaldi með þarlandum skátum, fórum í skoðunarferð um Goslar (1000 ára gamall bær) og sáum stað þar sem sagt er að nornir hafi búið. Ég var afskaplega stolt þegar mér tókst að kaupa mér skó talandi þýsku! Ferðinni var svo heitið á Jamboree eða alheimsmót skáta. Þvílík upplifun, mörg þúsund skátar frá mörgum löndum á svæðinu, allir mættir til að upplifa og taka þátt í þessu ævintýri. Ég var svo heppin að ég fékk að fara sem annar af tveimur fulltrúum Íslands á fjölþjóðlega ráðstefnu um mannréttindi meðan á mótinu stóð. Fulltrúar frá ríflega 180 þjóðlöndum mættu og hópurinn minn fjallaði um læsi og mikilvægi þess að allir fengju að læra að lesa. Ég verð að játa að ég var frekar saklaus þarna og þegar tveir skátar í hópnum mínum frá fyrrverandi Júgóslavíu tjáðu sig þá varð ég orðlaus. Á þessum tíma var mikið að gerast í Júgóslavíu og þarna voru annars vegar Króati og hins vegar Serbi sem blákalt sögðu, ef fréttist að við erum hér saman og að tala saman þá höldum við ekki lífi. Þetta var mikill lærdómur og eitthvað sem hefur fylgt mér alla tíð. Ráðstefnan endaði á samkomu þar sem allir sungu saman og héldust í hendur og upplifði ég þar einstaka samkennd og samhug milli allra. Að vera lítill en verða svona stór hluti af annarri heild er magnað. Ég fékk líka að vera blaðamaður einn dag og man að ég sendi heldur torskilda grein í Sunnlenska og Dagskrána þar sem ekki

var íslenskt lykklaborð. Ævintýrin voru endalaus, tívolíferð, leiklistasmiðja, förðunarsmiðja, kvöldvökur og svo margt fleira. Eftir mótið fórum við í heimagistingu víða um Evrópu. Ég fór ásamt tveimur vinkonum til fjölskyldu í Lindt í Belgíu og gisti þar nokkra daga. Við fórum meðal annars til Brussel og sáum listaverkið Atonimun og Maniken þis gosbrunninn. Síðustu tvær næturnar gistum við í Belgísku skátaheimili með belgískum skátum og kláruðum ævintýrið með því að týnast á gulum hjólum í kolniðamyrkri einhversstaðar í Belgíu!! Sem betur fer fundum við rétta leið að skátaheimilinu aftur áður en lögreglan var farin að leita.

Ég skora á fyrrum vinnufélaga minn í Mjólkurbúi Flóamanna fyrir “nokkrum” árum síðan, Hörpu Magnúsdóttur í Oddgeirshólum 4 að senda pistil í fyrstu Áveitu ársins 2021.

Ósk Unnarsdóttir Ástúni

## Flóamannabók afhent í Þingborg

Flóamannabók er á leiðinni til þín, bækurnar um Hraungerðishreppinn gamla tvö bindi verða afhentar öllum þeim sem gerðust heiðurs- eða áskrifendur að bókunum. Afhendingin fer fram við hátíðlega athöfn í Þingborg laugardaginn 12. des. n.k. Ennfremur geta þeir sem vilja nú eignast bækurnar fengið þær á sama verði í Þingborg og áskrifendur. Farið verður að settum Covid reglum og fólk hvatt til að gæta allrar varúðar, talið verður inn í húsið. Grímuskylða. Afhendingarathöfnin hefst kl. 12. á hádegi og stendur til kl. 17. Þeir sem ekki vitja bóka sinna en hafa greitt þær geta vitjað þeirra í Bókakaffinu á Selfossi næstu daga. En Bókakaffið verður einnig með Flóamannabók til sölu á Selfossi og í Reykjavík.

Fyrir hönd ritnefndar:

Jón M. Ívarsson rithöfundur  
Guðni Ágústsson  
Sigmundur Stefánsson



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Fréttir af skólastarfi

Skólastarf síðustu vikunnar hefur eins og vera ber tekið mið af reglum um sóttvarnir og fjöldatakmörkanir sem í gildi eru á hverjum tíma. Þrátt fyrir þá annmarka höfum við náð að halda úti metnaðarfullu skólastarfi og hafa kennarar sýnt mikinn sveigjanleika og útsjónarsemi við að leysa verkefni í góðu samstarfi við nemendur og foreldra. Í byrjun nóvember voru foreldravíðtöl og fóru þau fram með rafrænum hætti þetta árið, ýmist símleiðis eða í fjarfundi.



Skóladagur nemenda var skertur dagana 4. – 18. nóvember og fóru allir nemendur heim kl. 12:00 og var skólanum skipt upp í svæði til að tryggja að reglum um fjöldatakmörkanir væri fylgt. Kennsla í íþróttum, sundi og öðrum sérgreinum féll niður á þessum tíma auk þess sem mótuneytið var lokað. Nemendur í 1. – 6. bekk mættu alla daga í skólann en nemendur í 7. – 10. annan hvern dag, hina dagana fór kennsla fram í fjarfundi. Nemendur hafa því fengið góða þjálfun í að nota fjarfundaformið, skipuleggja heimavinnuna og skila verkefnum rafrænt og er það tvímælalaust góður undirbúningur fyrir nám í framhaldsskóla. Nemendur í 7. – 10. bekk eru að vinna stórt þemaverkefni um seinni heimsstyrjöldina þar sem reynir á þverfaglega samvinnu og samþættingu námsgreina eins og samfélagsfræði, íslensku, stærðfræði og tungumála auk upplýsingatækninnar.

Eins og undanfarin ár hefur Jón Pétur danskennari komið til okkar með danskennslu, ekki náðist að klára danstímana og vonumst við til að fá hann aftur til okkar í byrjun janúar. Nemendur í leiklistarvali hafa verið að æfa atriði sem átti að sýna á árhátíð eldra stigs. Árhátíð hefur verið frestað og er stefnan sett á að taka sýninguna upp og sýna á sal þegar aðstæður leyfa. Árleg kyndlaganga nemenda og starfsfólks er framundan og verður hún með breyttu sniði að þessu sinni. Í stað þess að ganga til kirkju munum við taka góðan hring á skólalóðinni okkar og enda svo á að fá okkur heitt súkkulaði og fleira góðgæti úti í skjóli trjána við Þjórsárver. Að því loknu fara nemendur í sínar heimastofur þar sem þau skreyta og gera jólalegt. Síðustu dagana fyrir jól verður jólahringekja þar sem nemendum gefst kostur á að vinna fjölbreytt verkefni sem tengjast jólunum og aldrei að vita nema þar verði eitthvað búið til sem ratar í jólapakka hjá mömmu og pabba.



Starfsfólk og nemendur Flóaskóla senda jólakveðjur til allra íbúa í Flóahreppi með von um að allir hafi það gott á aðventunni.



## Frá kvenfélögunum í Flóahreppi

Í ár verður hvorki haldið jólabarnaball né spilakvöld vegna aðstæðna í samfélaginu. Okkur þykir miður að geta ekki glatt börnin en vonumst til að jólin 2021 getum við haldið skemmtilegt jólabarnaball með jólasveinum, "pálínu"-matarborði og söng.



Megi jólahátíðin færa ykkur öllum birtu og yl. Vonandi hafa sem flestir tækifæri til að njóta samveru með sínum nánustu.

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár.*

Kær jólakveðja frá kvenfélagskonum í Kvenfélagi Gaulverjabæjar-, Hraungerðis- og Villingaholtshrepps.

## Tilkynning frá Hraungerðis- og Villingaholts- og Laugardælakirkjum

Þessa dagana er kirkjustarf allt úr skorðum vegna Covid 19. Nú er ljóst að ekki getur orðið af aðventuhátíð sem vera átti í Hraungerðiskirkju, sunnudaginn 6. desember n.k. Ekki hafa borist tilkynningar frá Biskupi Íslands um hvernig kirkjustarf getur orðið um jólin, enda gildir reglugerð heilbrigðisráðherra um 10 manna hámark einungis til 8. desember. Þess vegna auglýsum við hér þær athafnir sem vera áttu í kirkjunum um hátíðirnar. **Ef þessar athafnir mega ekki fara fram verður það tilkynnt á facebooksíðum kirknanna.**

**Hraungerðiskirkja 6. desember – annar sunnudagur í aðventu**

Aðventuhátíð kl. 20:00 **AFLÝST**

**Hraungerðiskirkja 25. desember – jóladagur**

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00

**Laugardælakirkja 25. desember, jóladagur**

Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:00

**Villingaholtskirkja 26. desember – annar dagur jóla**

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00

# Uppskriftahornið

Ég ætla að byrja á að gefa ykkur uppskrift af heilsubrauði sem ég hef oft bakað í gegnum árin.

## Hollustubrauð

3½dl heilhveiti (má nota speltmjöl)  
3½ dl haframjöl  
1 dl hveitiklíð  
1 dl hörfræ  
½ dl sesamfræ  
1 msk hráskykur  
4 tsk vínsteinslyftiduft (eða venjulegt lyftiduft)  
Salt (ef vill, magn eftir smekk)  
250 ml mjólk  
250 ml súrmjólk

Blandið saman þurfnunum. Setjið síðan mjólk og súrmjólk út í og hrærið saman (hrærivél er óþörf). Setjið í eitt stórt ílangt kökuform eða tvö minni, klætt með bökunarpappír. Ofan á deigið er gott að setja til dæmis sólblómafræ og sesamfræ. Bakið við 200°C í um það bil klukkustund.

Hérna er svo uppskrift af nautapottrétt sem ég eldaði oft fyrir krakkana í Flóaskóla þegar ég var þar.

## Nautapottréttur

500 g gúllaskjöt brúnað  
1 dós stórir sveppir eða nýir  
150-200g perlulaukur  
1 græn paprika skorin í strimla  
50 g smjörliki eða olía til steikingar  
1½ tsk salt  
½ tsk pipar  
½ tsk hvítlauksduft eða -rif (eftir smekk)  
½ tsk karri  
½ tsk paprikuduft  
1 lítil dós tómatapuré  
2 dl vatn  
1 peli rjómi.

Kjötið brúnað, sveppir, perlulaukur og vatn sett í og kryddað, soðið í 20-30 mínútur. Síðast paprika og rjómi, soðið áfram í 10 mínútur. Gott að bera fram með hrísgrjónum, kartöflum og brauði.

Síðast kemur ís sem ég hef alltaf notað á jólunum og öllum í fjölskyldunni finnst ómissandi yfir hátíðarnar.

## Jólaís

4 egg

1 tsk vanilludropar

125 g saxað suðusúkkulaði

5 dl rjómi þeyttur.

100 g sykur

2 msk sherry

Egg og sykur þeytt vel saman.

Súkkulaði, dropar og sherry sett í eggjahærana, hrært varlega saman.

Þeyttur rjómi settur síðast saman við. Sett í box og fryst.

Við fjölskyldan borðum hann alltaf með niðursoðnum jarðarberjum.

Að lokum skora ég á vinkonu mína hana Systu (Kristínu Tómasdóttur) að koma með uppskrift í næsta blað.

Eydís Lilja Eiríksdóttir  
Kolsholti

## Gallery Flói

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.

Gott úrval af lista gjafavöru  
handgerðar í Flóahreppi

Ný vefsíða fyrir áhugasama

[www.galleryflooi.com](http://www.galleryflooi.com)

Fólk er ávalt velkomið í Gallery Flóa  
í Gömlu Þingborg



Fanndís Huld 868-7486

## Skötuveislan fellur niður þetta árið

Því miður verður skötuveislan ekki haldin þetta árið frekar en aðrar fjölmennar samkomur. Skötuveislan í Þjórsárverri hefur verið haldin á Þorláksmessu óslitið frá árinu 1998. Alltaf hefur verið boðið upp á skötu og saltfisk ásamt meðlæti, og kaffi og konfekt á eftir. Flest árin hefur verið mikið fjölmenni og mörgum finnst veislan marka upphaf jólanna. Vonandi mun þessi skemmtilega hefð ekki detta upp fyrir þó við sitjum heima þetta árið.

*Stjórn Umf. Þjótanda sendir öllum íbúum Flóahrepps og velunnurum bestu hátíðarkveðjur.*

## Dósasöfnun

**Við í 10. bekk viljum þakka fyrir allar dósirnar og flöskurnar sem við fengum.**

**Við verðum aftur á ferðinni í janúar.**

**10. bekkur Flóaskóla**

## Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing yngri	7. desember
Æfingar í Þingborg	7. desember
Glímuæfing eldri	8. desember
Panta Þjótandapeysur	8. desember
Flóamannabók afhent	12. desember
Glímuæfing yngri	14. desember
Æfingar í Þingborg	14. desember
Glímuæfing eldri	15. desember
Móttaka á jólasveinasendingum	17. desember
Jólasveinar á ferð	23. desember
Jólasveinar á ferð	24. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Laugardælakirkju	25. desember
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	26. desember

Áveitan óskar lesendum sínum  
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári,  
með þökk fyrir árið sem er að líða.